

FENRISÚLFUR BUNDINN

– Einhver ykkar leggur hönd sína í skoltinn á mér. Ef þið svikið mig þá á ég höndina.

Þögnin varð löng og Fenrisúlfur slefaði og glotti við tönn. Þarna hafði hann gert goðin heimaskítsmát, enginn mundi vilja sjá af hendinni.

Þá steig Týr fram.

– Ég skal leggja hönd í gin úlfsins.

Æsir vörpuðu öndinni léttar en úlfurinn urraði vonskulega. Týr stakk hendinni upp í hann og þeir tóku til óspilltra mála að vefja hann mjúku bandinu og að lokum hnýttu þeir hnútana fast og vel.

Svo tók úlfurinn að brjótast um. Týr fann beittar tennurnar stingast í sig þegar hann tók á, spyrnti við og reyndi að losna.

Lengi stakk úlfurinn stömpum og reyndi hvað hann gat en að lokum gafst hann upp.

Þá hlógu goðin, þau veltust um eins og hnyklar, æpandi og veinandi af hlátri og tárin streymdu niður vangana. Þó var einn sem ekki hló. Það var Týr sem stóð og horfði á blóðugan handlegginn. Höndin var horfin og hann heyrði brestina þegar beinin molnuðu í kjafti úlfsins sem bruddi hana af óslökkvandi græðgi.

– Þetta er besti biti sem ég hef fengið, urraði hann og sleikti út um.

Loks linnti kæti ásanna og þeir tóku til óspilltra mála að festa fjöturinn. Endanum stungu þeir gegnum steinhellu sem þeir ráku langt niður í jörðina. Úlfurinn gapti ógurlega og reyndi að glefsa í æsi en þeir brugðu sverði upp í kjaftinn á honum. Skaftið nam við neðri góm en oddurinn við þann efri. Úlfurinn grenjaði illilega og slefan lak út úr honum. Af henni varð til á sem þeir nefndu Ván.

– Nú get ég haldið heim óttalaus í bili því að hér mun úlfurinn liggja bundinn allt fram til ragnaraka, sagði Óðinn.

Þeir flyktust í bátinn og reru til lands. Ásynjurnar stóðu á bakkanum og biðu með spurn í augum. Mikill var fögnuðurinn þegar þær heyrðu að úlfurinn hefði verið fjötraður. En þegar Týr staulaðist upp úr bátinum náfölnur með blóðugan stúfinn heyrðist hljóð úr horni.

– Hvað kom fyrir? Réðist úlfurinn á hann?

Æsir litu hver á annan. Í gleði sinni yfir afrekinu höfðu þeir gleymt fórn Týs. Nú rétti Óðinn úr sér og sagði frá því sem gerst hafði og gætti þess að gera hlut Týs sem mestan og bestan.

– Mér sýnist af þessu að Týr sé djarfastur goðanna, sagði Freyja þegar hann hafði lokið máli sínu.

Eir leiddi Tý heim til sín og bjó um sárið af sinni stöku list. Iðunn kom með eplin og rétti honum eitt.

– Mér sýnist þér ekki veita af, þú hefur elst og hrörnað við þetta og skyldi engan furða, sagði hún.

Týr borðaði eplið með bestu lyst og hresstist allur við. Smyrslin sem Eir smurði á sárið höfðu dregið úr sársaukanum og nú leið honum miklu betur.

Hver var krafa úlfsins? _____

Af hverju hlógu goðin? _____

Hvers vegna hló Týr ekki? _____

Hvað hét áin myndaðist úr slefu Úlfsins? _____

Hver sagði Freyja að væri djarfastur goðanna? _____

Hvað gerði Eir fyrir Tý? _____

Hvað gaf Iðunn honum? _____